

**Nd.**

**189. Breytingartillögur**

**[107. mál]**

við frv. til laga um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar í verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:

- 4 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi isl. útvegsmanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölusambandi isl. fiskframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi isl. samvinnufélaga.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum.
- 3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
- 1 fulltrúi tilnefndur af stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

1 fulltrúi tilnefndur af samtökum sildarverksmiðja á Norður- og Austurlandi.

2 fulltrúar tilnefndir af Félagi sildarsaltenda á SV-landi.

2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suðvesturlandi.

Fulltrúi fisksöluaðila í verðlagsráði eða yfirnefnd samkv. þessum lögum getur sá ekki orðið, sem á eða rekur fiskkaupafyrirtæki, er hluthafi í félagi, sem á eða rekur slíkt fyrirtæki, eða meðeigandi, ef um sameignarfélag er að ræða, nema hann eigi bersýnilega meiri hagsmuna að gæta sem fiskseljandi.

Fulltrúi fiskkaupenda í verðlagsráði eða yfirnefnd samkvæmt þessum lögum getur sá ekki orðið, sem selur sjávarafla eða er þátttakandi í fyrirtæki, sem selur sjávarafla, sbr. síðustu málsgr., nema hann eigi bersýnilega meiri hagsmuna að gæta sem fiskkaupandi.

Fulltrúar í verðlagsráði skulu skipaðir til 2 ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verðlagsráð kys sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fisksöluaðila og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur.

2. Við 2. gr.

Í stað „14“ komi: 16.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Þegar ákveða skal verð á fiski, rækjum, humar og öðrum sjávarafla öðrum en sild, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 2 frá Sölu-sambandi ísl. fiskframleiðenda, 1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda, 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Norður- og Austurlandi og 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Þegar ákveða skal verð á sild, sem veidd er við Norður- og Austurland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila skv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Norður og Austurlandi, 3 frá Félagi sildarsaltenda á Norður og Austurlandi, 1 frá stjórn sildarverksmiðja ríkisins og 1 frá samtökum sildarverksmiðja á Norður og Austurlandi.

Þegar ákveða skal verð á sild, sem veidd er við Suður- og Vesturland, skal verðlagsráð skipað 8 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 8 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 frá Félagi fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum, 2 frá Félagi sildarsaltenda á Suðvesturlandi og 2 frá eigendum sildarverksmiðja á Suðvesturlandi.

Um skiptingu milli svæða skal ákveða með reglugerð.

5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá skipa fimm manna yfirnefnd þannig:

1. Tveir tilnefndir af fisksöluaðilum í verðlagsráði, annar úr hópi fulltrúa L. í. Ú., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa.

2. Tveir tilnefndir af fiskkaupendum í verðlagsráði og a. m. k. annar þeirra af þeim aðila, sem ágreiningur er við.

3. Oddamaður, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

Nú næst ekki samkomulag í verðlagsráði um oddamann, og skal þá að fengnu samþykki meiri hluta fulltrúa fisksöluaðila og meiri hluta fulltrúa fiskkaupenda oddamaður tilnefndur af hæstarétti.

Ef yfirnefnd verður fullskipuð, fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

6. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ákvarðanir verðlagsráðs eða yfirnefndar eru bindandi sem lágmarksverð, þó ekki lengur en eina vertíð eða veiðitímabil, og má o. s. frv.

7. Við 11. gr. Fyrir „fiskimálasjóði“ komi: ríkissjóði.